



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 10. mars 2025
2503558/502.10 IA

Efni: Beiðni um heimild til sölu íbúðar 206-2025 í Hlíðarhalla 65, félagslegt húsnæði

Fyrir hönd Húsnæðisnefndar Kópavogs óskar undirritaður eftir heimild bæjarstjórnar til að selja íbúð í Hlíðarhalla 65, fastanúmer 206-2025. Um er að ræða sölu húsnæðisins til núverandi leigjanda þess í samræmi við yfirlýsta stefnu Kópavogsbæjar í húsnæðismálum, sbr. skýrslu starfshóps um stöðu húsnæðismarkaðarins frá 2015. Nánar tiltekið sé leigjendum í félagslega íbúðakerfinu gefin kostur á að kaupa húsnæði sem því hefur verið úthlutað ef tekjur fara yfir viðmiðunarmörk.

Tveir óháðir fasteignasalar voru fengnir til að verðmeta íbúðina og var meðaltal mats þeirra að verðmæti íbúðarinnar væri um 60 m.kr. að teknu tilliti til ástands hennar.

Kaupandi uppfyllir kröfur sem gerðar eru í „Reglum um sölu félagslegra íbúða til leigjenda“ og hefur staðist greiðslumat hjá banka. Fjármögnun kaupanna að öðru leyti í samræmi við þær forsendur sem koma fram í fyrirnefndri húsnæðisskýrslu.

Bærinn hefur keypt sex íbúðir það sem af er árinu 2025, þar af fengið eina afhenta en hinar verða afhentar í sumar.

Er því óskað eftir að bæjarráð/bæjarstjórn veiti undirrituðum heimild til að fullgilda kaupsamning vegna sölu þessarar íbúðar og við fullnaðaruppgjör, afsal vegna hennar.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026